

Kjarasamningur

milli Rótarinnar og Eflingar - stéttarfélags

1. gr.

Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 og rennur þá út án frekari fyrirvara. Kjarasamningurinn nær til kjara félagsfólks í Eflingu sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislaugar konur.

2. gr.

Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsfólks Eflingar sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislaugar konur fer í öllum atriðum eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 10. mars 2020 ásamt framlengingu sem gerð var 1. apríl 2023 síðari breytingum nema um þau atriði sem í samningi þessum greinir. Samningur þessi hefur sömu samningsforsendur og kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg.

3. gr.

Röðun starfa

Við röðun starfa í launaflokk skal miða við niðurstöður starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar eins og þær eru hverju sinni fyrir starfsmenn sem vinna í Gistiskýlinu á Lindargötu fyrir heimilislausa karlmenn. Starfsheitin eru nú við undirritun samnings Starfsmaður í málaflokki HMFP sem er í launaflokk 244 og Félagsliði í málaflokki HMFP sem er í launaflokk 246.

4. gr.


Fyrirvari um samþykki

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsfólks Eflingar í atkvæðagreiðslu. Eflingu ber að tilkynna Rótinni um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en kl. 16:00 þann 29. júní 2023. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Reykjavík, 20. júní 2023


f.h. Rótarinnar

með fyrirvara um samþykki stjórnar



f.h. Eflingar - stéttarfélags með fyrirvara

um samþykki félagsfólks



Bókun: Aðilar eru sammála um að ræða á samningstímanum þau atriði sem þörf þykir að ræða miðað við reynslu síðustu þriggja ára.